

# Áveitan

6. tbl. 4. árgangur. Júní 2010

## Leikjanámskeið

Ungmennafélögin Vaka, Samhygð og Baldur ætla að standa fyrir íþrótt- og leikjanámskeiði í sumar. Námskeiðið stendur yfir dagana 7.-18. júní frá kl. 13:00 - 15:30 alls 9 skipti.

Kennt verður á íþróttasvæðinu við Þjósárver og þjálfari verður Ólafur Guðmundsson íþróttافرæðingur. Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 6-12 ára þ.e. þeim sem fædd eru á árunum 1998-2004. Verð á hvert barn er 3.500 kr, systkinaafsláttur er 3000 kr. á hvort/hvert barn. Tilvalið er að tala sig saman og skiptist á að keyra.

Skráningar berist til Halla í síma 699-8238 eða með tölvupósti á netfangið [hallieinars@hotmail.com](mailto:hallieinars@hotmail.com).

Með von um góða þátttöku nú eins og síðustu ár, allir krakkar velkomnir.

Ungmennafélögin



# Frá sveitarstjóra

## Fermingarbörn í Flóahreppi

Sveitarstjórn Flóahrepps sendir öllum fermingarbörnum í Flóahreppi sínar bestu hamingjuóskir með von um gott gengi í framtíðinni.

## Sveitarstjórnarkosningar

Niðurstaða sveitarstjórnarkosninga í Flóahreppi er þannig að R-listi fær fjóra menn af fimm í hreppsnefnd og T-listi einn mann.

Kjörsókn var 85,5%, á kjörskrá voru 428 manns, 366 kusu, auðir seðlar voru 14 og 1 ógildur.

R-listinn fékk 254 atkvæði og T-listinn fékk 97 atkvæði.

Í nýrri sveitarstjórn verða:

1. Aðalsteinn Sveinsson (R)
2. Árni Eiríksson (R)
- 3 Svanhvít Hermannsdóttir (T)
4. Elín Höskuldsdóttir (R)
5. Hilda Pálmadóttir (R)

## Samþykkt um hundahald í Flóahreppi

Umhverfisráðuneytið hefur staðfest reglur um hundahald í Flóahreppi en þær voru settar til að hindra truflun af lausagöngu hunda, s.s. að þeir séu á skólalóðum á skólatíma.

Reglurnar eru svohljóðandi í heild sinni:

1.gr

Hundahald í Flóahreppi sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari.

2. gr.

Hundahald í Flóahreppi er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Eigandi hunds skal láta skrá hann á skrifstofu sveitarfélagsins og fá þar afhenta plötu sem alltaf skal vera um háls hundsins. Fyrir þetta skal hann greiða leyfisgjald samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- b) Eigandi hunds skal ábyrgðartryggja sig hjá viðurkenndu tryggingafélagi fyrir hugsanlegu tjóni sem hundur hans getur valdið. Fyrir 1. maí ár hvert skal leggja fram staðfestingu þess að tryggingin sé í fullu gildi.
- c) Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með einhverjum sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hund inn í skólahús, opinberar byggingar, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru höfð um hönd.

- d) Eiganda eða umráðamanni hunds ber að öðru leyti að fara að lögum og reglum er hundahald varða, s.s. reglum um árlega hreinsun hunda í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni. Fyrir 1. maí ár hvert skal leggja fram staðfestingu á því að hundur hafi verið hreinsaður. Ef það bregst getur sveitarstjórn látið hreinsa hundinn á kostnað eigandans.
- e) Eigandi eða umráðamaður hunds ber ábyrgð á því að hundur hans raski ekki ró íbúa hreppsins og sé hvorki þeim né þeim sem um sveitarfélagið fara til óþæginda, með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slyshættu.
- f) Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum þessarar samþykktar.

### 3. gr.

Við brot á 2. gr. skal fjarlægja viðkomandi hund. Eigandi hundsins fær þá, ef um minniháttar brot er að ræða, tækifæri til að fá hundinn afhentan gegn greiðslu þess kostnaðar, sem á hann er fallinn, sbr. gjaldskrá sveitarfélagsins. Sé um að ræða alvarleg eða ítrekuð brot er viðkomandi hundur tekinn út af skrá og er leyfi viðkomandi til hundahalds afturkallað. Sé hunds ekki vitjað innan sjö daga frá því að eiganda var tilkynnt um handsömun hans má aflífa hundinn, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja um hundinn getur haft í för með sér. Sveitarfélaginu er aldrei skylt að geyma skráðan hund lengur en tíu daga frá handsömun og er heimilt að láta aflífa hundinn að þeim tíma liðnum. Allur kostnaður við hundinn greiðist af eiganda.

Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda sem ganga lausir á almannafæri skal handtaka og færa í geymslu. Hundar sem verða uppvísir að árás á menn eða skepnur má lóga þegar í stað sbr. þó 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004.

Handsömun á óskráðum hundi skal auglýst. Sé hunds ekki vitjað innan 7 sólarhringa má láta aflífa hann. Komi eigandi hunds síðar í ljós er heimilt að krefja hann um greiðslu kostnaðar.

Sveitarstjórn er heimilt að afturkalla skráningu/leyfi til hundahalds telji hún þess það nauðsynlegt í þágu hollustuhátta og öryggismarkmiða.

### 4. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta gjald vegna kostnaðar sem hlýst af samþykkt þessari. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, skv. ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld mega ekki vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits. Gjaldið skal innheimt í eitt skipti, við skráningu hunds. Í gjaldskrá skal einnig ákveðið handsömunar-, geymslu- og aflifunargjald, sbr. 3. gr. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

#### 5. gr.

Um valdsvið, þvingunarúrræði og málsmeðferð fer samkvæmt VI. og VII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ef eigandi eða forráðamaður hunds vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um hundahald getur sveitarstjórn bannað viðkomandi að halda hund og látið fjarlægja hundinn. Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum rúmist þau jafnframt innan refsí-ákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

#### 6. gr.

Framangreind samþykkt staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

#### *Ákvæði til bráðabirgða.*

Eigendur skulu láta skrá hunda sína innan sex mánaða frá því að samþykkt þessi tekur gildi. Sami frestur er veittur til skráningar nýrra hunda.

#### **Gjaldskrá fyrir hundahald er svohljóðandi:**

##### 1. gr.

Gjald fyrir hvert skilti sem eigandi hunds fær við skráningu hans skal vera 1.500 kr. og greiðist við skráningu.

##### 2. gr.

Kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda sbr. 3. gr samþykktar um hundahald í Flóahreppi ss. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds. Föngunargjald, varsla og auglýsingargjald er 25.000 kr.

Að auki leggst á sólarhringsgjald, 2.000 kr. vegna dvalar við geymslu viðkomandi hunds. Ef hundur er handsamaður oftari en þrisvar sinnum á einu ári, þá á hundaeigandi eða umráðamaður hunds yfir höfði sér leyfissviftingu.

##### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps samkvæmt 25. gr laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um hundahald í Flóahreppi til að öðlast gildi við birtingu.

#### **Innkaupareglur**

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi 26. maí s.l. innkaupareglur fyrir Flóahrepps. Tilgangurinn með því er að útfæra verklag á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum ásamt því að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum sveitarfélagsins.

Reglunum er ætlað að tryggja vandaða stjórnsýsluhætti við innkaup Flóahrepps.

Innkaupareglurnar má sjá á heimasíðu Flóahrepps, [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)

### **Grenjavinnsla**

Birgir Örn Arnarson hefur verið ráðinn til að annast grenjavinnslu í Flóahreppi frá 1. júní – 31. júlí 2010.

Sími hjá Birgi er 891-8898.

### **Hestamannafélagið Sleipnir**

Samþykkt hefur verið að hestamannafélagið Sleipnir fái til umráða einn ungling frá vinnuskóla Flóahrepps til að vinna við reiðnámskeið hestamannafélagsins í sumar.

### **Skólaakstur**

Samið hefur verið við skólabílstjórana Kristján Einarsson, Guðmund Sigurðsson, Sigurð Ólafsson, Guðrúnu Jónsdóttur og Sigurð Inga Sigurðsson um áframhald skólaaksturs út næsta skólaár.

Það er ánægjulegt að segja frá því enda hafa þau öll mikla reynslu og hafa staðið sig vel.

### **Auglýsingar:**

#### **Eigendur hunda í Flóahreppi:**

Skráning hunda í Flóahreppi er hafin á skrifstofu sveitarfélagsins. Þau atriði sem þarf að uppfylla eru eftirfarandi:

Fá örmerkingu hjá dýralækni.

Fá ábyrgðartryggingu hjá tryggingarfélagi.

Skrá hundinn á skrifstofu Flóahrepps, sími 480-4370 með nafni og aldri.

Greiða kr. 1.500 kr. og í staðinn fær hundurinn plötu sem skal vera um háls hans.

### **Plastlosun**

Plastlosun verður í *öllu* sveitarfélaginu dagana 11. júní og 13. ágúst.

### **Gámasvæði**

Allir gámar í Flóahreppi verða fjarlægðir 1. júlí n.k. þegar samvinna við Íslenska Gámafélagið um gámasvæði tekur gildi.

Gámasvæði fyrir Flóahrepp verður framvegis á fyrrverandi gámasvæði Árborgar í Hrismýri á Selfossi.

Kynningarbæklingur verður sendur til allra íbúa á næstu dögum þar sem fyrirkomulagið er betur kynnt.

Samningur var gerður við Íslenska Gámafélagið til eins árs og verður málið væntanlega skoðað með tilliti til reynslu í lok þess tímabils.

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason  
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson  
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is

## Krakkaborgarfréttir

Kæru sveitungar

Það er óhætt að segja að maímánuður hafi liðið hratt hér í leikskólanum. Hvort tíminn sjálfur sem slíkur hafi liðið hratt eða ekki, þá er allavega ljóst að upplifun okkar á hversu hægt eða fljótt tíminn líður tengist því sem verið er að fást við hverju sinni. Hver kannast ekki við að á góðum stundum þjóti tíminn áfram á meðan hann virðist stundum algjörlega standa í stað.

Í Krakkaborg stendur tíminn aldrei í stað heldur þýtur áfram enda margt skemmtilegt brallað. Þann 6. – 12. maí fóru elstu börn leikskólans í vor-skóla og heimsóttu Flóaskóla þar sem þau tóku þátt í fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum. Þau fóru í íþróttir, heimilisfræði, textílmennnt, myndmennt, tónlist, bóklega tíma svo eitthvað sé nefnt. Þau lærðu á skólabilana og þær reglur sem þar gilda og fengu að borða í mótuneyti í skólans. Mikil áhersla er lögð á að börnunum líði vel í grunnskólaumhverfinu og að þau þekki til skólastarfsins og kynnist starfsfólksins skólans. Helsta markmið þess er að börnin hefji grunnskólagöngu sína full af sjálfstrausti og áhuga á að takast á við ný verkefni. Það gladdi okkur mjög að sjá hversu tilbúin þau voru að taka þetta skref og hversu full tilhlökkunar þau eru að hefja nám í Flóaskóla. Við erum heldur ekki frá því að þau hafi stækkað um nokkra sentímetra að lokinni vor-skólavíku.

Þriðjudaginn 18. maí, fóru börn og starfsfólk Strumpa- og Tígradeildar í lambaferðir. Frændurnir Hjalti Geir og Arnór Levi buðu Strumpadeild í heimsókn til ömmu sinnar og afa í Kolsholti 1. Þar fengu börnin að skoða lömbin og einnig kíktu þau aðeins í hesthúsið, fjósið og í hæsnakofann. Freyja Kristín bauð Tígradeild í heimsókn í fjárhúsið sitt í Þjórsárnesi. Þar fengu börnin að skoða lömbin og kanínu sem einnig á heima í fjárhúsunum. Að því loknu fengu börnin að leika sér úti, bæði í sandkassanum og einnig í allskonar leikjum. Við þökkum heimilisfólkinu í Þjórsárnesi og Kolsholti 1 kærlega fyrir að leyfa okkur að koma í heimsókn og eiga með okkur skemmtilegan dag.

Föstudaginn 14. maí var starfsdagur starfsfólks leikskólans. Að þessu sinni var farið í námsferð til Akureyrar þar sem við kynntum okkur starf og hugmyndafræði þriggja ólíkra leikskóla. Ferðin tókst í allastaði mjög vel og gaf af sér fjöldann allan af góðum hugmyndum sem nýttast okkur í að gera góðan

skóla enn betri.

Þessa dagana er verið að sá í matjurtagarðinn og verður uppskeran í haust vonandi góð. Sett voru niður gulrótar- og radísufræ og svo að sjálfsögðu kartöflur en heiðurshjónin þau Anna og Kristján í Forsæti 4 gáfu leikskólanum úrvals kartöfluútsæði. Við þökkum þeim kærlega fyrir þessa góðu gjöf.

Nú stendur undirbúningur að Vorhátíð Krakkaborgar sem hæst en hún verður haldinn miðvikudaginn 26. maí. Mikil tilhlökkun er í húsi enda skemmtileg stund framundan hjá okkur með börnunum og fjölskyldum þeirra. Þann 2. júní förum við síðan í okkar árlegu vorferð sem mun án efa verða sérlega skemmtileg.

Drög að skóladagatali skólaársins 2010 – 2011 hefur nú verið samþykkt af Foreldraráði leikskólans og Fræðslunefnd. Þess bera að geta að leikskólinn verður lokaður vegna sumarfrís frá og með 1. júlí og opnar aftur þriðjudaginn 10. ágúst.

Bestu kveðjur,  
F.h. Starfsfólks Krakkaborgar  
Karen Viðarsdóttir, leikskólastjóri  
karen @floahreppur.is  
Sími: 482-3085

### **Kvennahlaup ÍSÍ 2010 í Flóahreppi**

Tuttugasta og fyrsta Kvennahlaup ÍSÍ fer fram 19. júní n.k. Hlaupið verður frá Mjósyndi og lagt verður af stað kl. 11 f.h. Í boði verða tvær vegalengdir, 2 km og 4 km.

Þátttökugjald er 1250 kr. Innifalið í verði er: bolur, Egils Kristall, og Weetabix.

Gaman væri að sjá sem flestar konur á öllum aldri taka þátt. Gott væri ef þið gætuð látið vita um þátttöku, þótt það sé ekki nauðsynlegt, en það auðveldar mér að vera með boli á sem flestar í réttri stærð.

Sjáumst svo vonandi sem flestar.

Sumarkveðja,

Valgerður Gestsdóttir  
framkvæmdaraðili Kvennahlaups ÍSÍ  
Flóahreppi.  
gsm 8639557.

## *Frá Flóaskóla*

Þegar þetta er ritað eru aðeins fáeinir dagar eftir af skólaárinu. Það hefur liðið mjög hratt og er það líklega merki um að við höfum haft nóg fyrir stafni! Það var gaman að geta enda skólaárið með opnunaratriði á „Fjör í Flóa“ enda hefur fjörið einkennt starf okkar í vetur. Í því sambandi er mér minnisstæð uppfærsla nemenda á rokksöngleiknum

„GREASE“ sem var sýndur tvisvar sinnum í Þjórsárveri við sérlega góðar viðtökur. Þar lögðust allir á eitt við að búa til sýningu sem lyfti okkur öllum á hærra plan. Í dag á ég erfitt með að segja frá því að í upphafi læddist að nokkrum okkar sá efi að þetta væri ekki hægt – að setja upp sýningu sem byggðist á söng og dansi með 77 krökkum! Það var þó ekki nema í nokkrar mínútur því þegar eldmóður kennaranna yfir hugmyndinni náði að kveikja í okkur varð ekki aftur snúið. Þetta var enn ein staðfestingin á því að allt er hægt ef viljinn er fyrir hendi og maður er tilbúinn til að leggja á sig það sem til þarf.

Maimánuður leið hratt; nemendur þreyttu próf, sóttu ýmsa vortónleika, fóru í skólamyndatöku og svo voru nemendur elsta árgangs leikskólans hjá okkur í eina viku. Ef að líkum lætur verða það öruggir og námsfúsir nemendur sem mæta í 1. bekk Flóaskóla í haust.

Skólinn bauð 8. bekkjum í óvissuferð á svæði skátanna við Úlfhljótsvatn í lok maí. Sú ferð var farin sem uppskeruhátíð fyrir þessa fyrstu nemendur í unglingsátt skólans en þeir hafa átt mjög góðan vetur og staðið sig prýðilega í námi og störfum. Þessir nemendur hafa víða farið í vettvangsheimsóknir sem fulltrúar skólans og alls staðar verið sjálfum sér og skólanum sínum til sóma. Það var því vel viðeigandi að eyða einum degi í óvissuferð, brjóta upp hversdaginn og gera eitthvað skemmtilegt. Nemendur í 6.-7.

bekk fóru í tveggja náttu ferð um Snæfellsnes sem var fræðandi og skemmtileg og mjög vel heppnuð. Veðrið lék við ferðalanga sem voru með góða skapið í farteskinu og stóðu sig vel. Veðrið var einnig upp á sitt besta þegar nemendur í 1.-5. bekk fóru í fjöruferð á Stokkseyri, í sund á Hellu og sinntu skapandi starfi á skólalóðinni á aldursblönduðum vinnustöðvum. Skemmtilegir vordagar og nóg við að vera fyrir hressa og káta krakka. Nemendur í 8. bekk og foreldrar þeirra sátu nýverið fund með skólastjórnendum vegna undirbúnings valgreina í 9. bekk á næsta skólaári. Skipulag þeirra er mikil áskorun en verkefni eru spennandi. Lesendur eru beðnir um að lesa vel auglýsingu hér á síðum Áveitunnar þar sem óskað er eftir samstarfsaðilum vegna valgreina.

Undanfarið hefur staðið yfir vinna við undirbúning næsta skólaárs. Á næstunni verður nýtt skóladagatal og starfsáætlun sett á heimasíðuna en nýtt skólaár hefst með skóla-setningu 26. ágúst. Kennarar mæta til starfa nokkru fyrir til undirbúnings sem verður örugglega töluverður vegna flutnings í nýtt húsnæði. Staða nýbyggingar er samkvæmt áætlun og stefnt að því að taka húsið í notkun í haust.

Ég þakka íbúum Flóahrepps fyrir gott samstarf í vetur og fyrir þann mikla stuðning sem verið hefur við skólastarfið í vetur. Flóaskóli er vaxandi stofnun sem nýtur velvildar og stuðnings og finnum við starfsfólkið fyrir því hvað sá hlýhugur yfir undir metnað okkar í starfi og hvetur okkur áfram til góðra verka. Skólastofnanir eru hjórtu hvers samfélags og þar slær takturinn sem dælir blóðinu út í æðar samfélagsins. Ég óska lesendum Áveitunnar gleðilegs sumars og hlakka til að takast á við ný, krefjandi og skemmtileg verkefni á nýju skólaári með frábærum nemendum og öflugum starfsmönnum.

Bestu kveðjur, Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.  
kristin@floahreppur.is , gsm 663-5720.



## Fjör í Flóa var haldin helgina 28.-30. maí

Vel heppnuð og fjölmenn fjölskyldu- og menningarhátíðin Fjör í Flóa er nýafstaðin, var blíðskaparveður alla helgina. Mun þetta vera sjötta árið sem þessi fjölskyldu og menningarhátíð er haldin hér í Flóanum. Margt var til skemmtunar og hægt var að skoða ýmiskonar starfsemi í sveitarfélaginu. Fjölskylduskemmtun var við íþróttavöllinn í Þjósárveri á föstudagskvöldinu þar voru um 100 manns saman komin, m.a. var grillað og reiptogkeppni fór fram á milli T og R lista. „Kúrekarnir“ í T listanum sem mörsuðu glæsilega inn á völlinn fóru með sigur – hvort sigurinn hafi verið vegna þess að andstæðingarnir voru svo heillaðir af innkomu og klæðnaði hinna læt ég ördum að velta fyrir sér. En hugmyndin var frábær og skora ég á þau lið sem verða framvegis í þessari keppni að gera eitthvað álíka. Um 200 manns komu í morgunverði á laugar-dagsmorguninn í Þingborg, um kvöldið var svo kvöldvaka í Þingborg þar sem m.a. kvæðakonurnar María Jónsdóttir frá Kirkjulæk og dóttir hennar Sigurbjörg Ólafsdóttir og kvæðu fyrir gesti. Þess má geta að María er 92 ára. Þá fór fram æsispennandi spurn-ingarkeppni og úrslit urðu ekki ljós fyrr en á síðustu spurningum eins og í sönnum kappleik. Boðið var upp á kjötsúpu gegn vægu gjaldi og aðrar veigar sem ekki verður tíundað hér nánar. Á sunnudeginum voru yfir 200 manns saman komin í Félagslundi þar sem fimleikastelpur frá fimleikadeild Umf. Selfoss sýndu listir sínar undir stjórn Lindu Þorvaldsdóttur frá Litlu-Reykjum og Sandra Steinþórsdóttir frá Oddgeirshólum sýndi áhugaverðar stuttmyndir þar á meðal stuttmyndina Samúel sem var útskrift-arverkefni hennar í Kvikmyndaskóla Íslands. Þá komu Skoppa og Skríttla í heimsókn sem vöktu mikla lukku á meðal yngstu kynslóðarinnar, og á eftir fengu allir íspinna sem var kærkomið í hitanum. Eins og undanfarin ár var ratleikur í gangi alla helgina hefðum við viljað sjá meiri þátttöku en sex úrlausnir skiluðu sér í hús og að sjálfsögðu voru þær allar réttar, grípa þurfti til þess ráðs að draga um hver fengi verðlaunin, Elín og Ágúst Ingi, Brúnastöðum voru dregin út, fá þau þriggja rétta kvöldverð að eigin vali á Rauða húsinu á Eyrabakka.

Rekstrarstjórn félagsheimilanna ásamt húsvörðum þakkar öllum þeim sem lögðu hönd á plóg til að láta þessa hátíð verða að veruleika. Svona hátíð gerist ekki að sjálfu sér, það þarf margar hendur og samstillt átak allra íbúa til að gera þetta eins glæsilegt og raun ber vitni. Svona menningarhátíð á vel heima í Flóahreppi, höldum þessu áfram um ókomin ár.

*f.h. rekstrarstjórn félagsheimilanna  
Anný Ingimarsdóttir*

### Íþróttæfingar Samhygðar og Vöku

Samhygð og Vaka verða með þjálfunarsamstarf í sumar og verður Tómas Karl þjálfari. Æfingar verða á fimmtudagskvöldum klukkan 19:30-21:00. Æfingarnar eru ætlaðar 10 ára og eldri. Fyrsta æfingin verður fimmtudaginn 3. júní. Athugað verður með æfingar fyrir yngri born þegar leikjanám-skeiðinu er lokið.

## Flóaskóli óskar eftir samstarfsaðilum

Í Flóaskóla stendur nú yfir undirbúningur vegna valgreina nemenda í unglinga-deild skólans. Valgreinar eru hluti af því námi sem nemendum býðst í 9.-10. bekk og eru settar upp í viðmiðunarstundaskrá sem gefin er út af Menntamálaráðuneytinu.

Núverandi nemendur í 8. bekk hafa tekið þátt í könnun í skólanum þar sem áhugi þeirra á valgreinum hefur verið kannaður og er undirbúningur vegna framboðs valgreina miðaður við áhugasvið nemenda. Auk þess þarf að taka tillit til þess hvaða valgreinar hægt er að kenna í skólanum en þar skiptir aðstaða til kennslunnar og sérþekking kennara á viðkomandi fögum verulegu máli.

Þær valgreinar sem nemendur hafa mestan áhuga á og leitast verður við að bjóða upp á í kennslu næsta vetur eru:

- íþróttir og heilsufræði
- fatahönnun, fatasaumur og myndlist
- spænska
- eðlis- og efnafræði
- leiklist og tjáning
- hönnun og smíði/handverk
- heimilisfræði og framandi eldhús
- málmsmíði, vélsmíði, vélar og tæki
- hestamennska og hrossarækt

Við auglýsum nú eftir samstarfsaðilum:

- sem hafa áhuga og þekkingu á að kenna hestamennsku/hrossarækt og hafa aðstöðu til að taka á móti nemendahópi í verklega kennslu.
- sem hafa áhuga og þekkingu á málmsmíði, vélsmíði, bifvélavirkjun eða annarri vinnu með sambærilegar vélar og tæki. Viðkomandi aðilar verða að hafa aðstöðu til að taka á móti nemendahópi í verklega kennslu.

Hugsanlegir samstarfsaðilar þurfa að taka þátt í vinnu við mótun námskrár fyrir viðkomandi fag og geta kennt bæði bóklegan hluta fagsins og verklegan. Til greina kemur að fleiri en einn aðili komi að hverri valgrein og yrði þá samstarf þeirra á milli um skiptingum á vinnulotum.

Undirrituð tekur á móti fyrirspurnum og ræðir við áhugasama. Þeir sem hafa áhuga á að skoða málið nánar eru beðnir um að hafa samband sem fyrst þar sem undirbúningur valgreina snertir annan undirbúning fyrir nýtt skólaár. Allar ábendingar sem tengjast þessari auglýsingu eru vel þegnar. Þessi hluti skóla-starfsins er í mikilli þróun og aðstoð frá íbúum eru vel þegin.

Flóaskóli er skólinn okkar allra!

Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri.  
kristin@floahreppur.is / gsm 663-5720

### **Þakkir**

R listinn í Flóahreppi þakkar íbúum sveitarfélagsins fyrir góðan stuðning í kosningunum um síðustu helgi. Mótframbjóðendum okkar á T listanum þökkum við einnig fyrir góða kosningabaráttu. Þessi vinna framboðanna fyrir kosningar og sú umræða hér fór fram var að mestu leiti mjög gagnleg og áhugi kjósenda virtist vera töluverður. Kosningarátttaka var góð og úrslit nokkuð skýr. Takk fyrir okkur.

F.h.frambjóðenda R listans  
Aðalsteinn Sveinsson

### **Áfangar**

Áveitunni hafa borist tíðindi af þremur nýútskrifuðum ungmennum hér í hreppnum:

Tómas Karl Guðsteinsson á Egilsstöðum II útskrifaðist með stúdentspróf af náttúrufræðibraut frá Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Hanna Einarsdóttir á Urriðafossi útskrifaðist frá Hússtjórnarskóla Reykjavíkur.

Ingunn Harpa Bjarkadóttir á Mjósýndi útskrifaðist frá Hússtjórnarskóla Reykjavíkur, Ingunn hlaut hæstu einkunn þeirra sem útskrifaðar voru.

Áveitan óskar þessum ungmennum til hamingu með áfangann.

Lesendur mega gjarnan senda fleiri upplýsingar um útskriftir og námsárangur hreppsþúa.

## **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:**

Kæru kvenfélagskonur!

Nú er komið að vorfundinum okkar. Við ætlum að vera með hann á Brjánsstöðum þann 9. júní n.k.

Ætlunin er að mæta þar kl. 20 og borða saman súpu, salat og brauð áður en fundurinn byrjar. Fyrir það þurfum við að greiða 1450 kr. á mann. Þið þurfið að láta mig vita í síðasta lagi 4. júní hvort þið ætlið að kaupa ykkur máltíðina, en auðvitað er það ekki skylda, ef einhver á vont með það. Þá er hægt að mæta bara á fundinn ef það hentar betur.

Síðan söfnumst við saman í bíla við Þjorsárver.

Sjáumst vonandi sem flestar og eigum notalega kvöldstund saman, og ræðum starfið framundan.

Fyrir hönd stjórnar-  
Valgerður Gestsdóttir.

## **Frá Umf. Vöku:**

### **Innanfélagsmót Umf. Vöku**

1. Innanfélagsmót Umf. Vöku verður haldið miðvikudaginn 16. júní kl. 20:15 stundvíslega!

Kept verður í langstökki, Hástökki og kúluvarpi í fullorðinsflokkum.

### **Karlabolti**

Heyrst hefur af áhuga karla í sveitinni á að hittast og spila knattspyrnu, þannig að fimmtudaginn 3. júní verður karlabolti í Þjorsárveri kl 21:00 og ef áframhaldandi áhugi er fyrir þessu verður þetta reglubundið.

Hvetjum alla til að mæta. Ath miðað er við 16 ára og eldri.

## **Úrslit af mótum vorsins:**

## Vormót FH

Vaka átti tvo keppendur á því móti en árangur þeirra var eftirfarandi.

Bjarni Már Ólafsson	100 m	12,0 sek	11. sæti
	Langstökk	6,01 m	1. sæti
	Spjót kast	46,73 m	1. sæti
Haraldur Einarsson	100 m	11,39 sek	4. sæti
	60 m	7,42 sek	1. sæti
	Spjót kast	37,40 m	2. sæti
	200 m	23,32 m	2. sæti

## Afmælimót Breiðabliks

Haraldur Einarsson	100 m	11,50 sek	1. sæti
	300 m	37,04 sek	2. sæti

Haraldur keppti einnig á JJ-móti ÍR og stóð sig vel nánari úrslit má sjá á [mot.fri.is](http://mot.fri.is)

## 17. júní í Þjórsárverum

17. júní verður haldinn hátíðlegur í Þjórsárverum að venju.

Klukkan 13:00 hefst íþróttakeppni krakka 13 ára og yngri. Keppt verður í 60m hlaupi, langstökki, kúluvarpi og 400m hlaupi. Þeir sem búa á félags-svæði Vöku keppa um farandgripi en að sjálfsögðu geta allir krakkar verið með og keppt sem gestir. Allir fá viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Eftir keppnina stjórna kvenfélagskonur leikjum og öðru glensu. Fjallkonan ávarpar mannfjöldann og svo verður kaffi og meðlæti fyrir alla. Munið að taka með ykkur bakkelsi á veisluborðið. Að sjálfsögðu verður boðið uppá andlitsmálun og hoppukastalinn verður á sínum stað. Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta og eiga með okkur ánægjulegan dag.

Ungmennafélagið Vaka og Kvenfélag Villingaholtshrepps

## Frá UMF Baldri

### Vorfundur

Vorfundur Umf. Baldurs var haldinn 20. maí sl. Hópur ungmennafélaga kom saman og ræddi málefni félagsins vítt og breitt. Margt skemmtilegt er framundan í sumar s.s. íþróttæfingar, íþróttamótin og framkvæmdir í Einbúa. En fram kom á fundinum að stjórn Umf. Baldurs hefur ákveðið að fara í framkvæmdir við að koma köldu vatni á svæðið.

### Hæ hó..... Það er kominn 17. Júní

Umf. Baldur heldur upp á þjóðhátíðardaginn að vanda. Hátíðin verður haldin í Einbúa og hefst kl. **14:00**. Flutt verður hátíðarræða og fjallkonan kemur fram. Þreytt verður víðavangshlaup og viðurkenningar veittar fyrir það. Þá verða leikir og margt til gamans gert. Að lokinni dagskrá verður kaffi og meðlæti. Allir eru velkomnir og fólk hvatt til að koma í Einbúa að fagna þjóðhátíðardeginum.

Skemmtinefnd Umf. Baldurs

### Grill og útreiðatúr í Einbúa

Umf. Baldur ætlar að standa fyrir dagskrá í Einbúa sunnudaginn 6. júní frá kl 15:00 – 17:00. Ungmennafélagar ætla að sjá um leikjadagskrá og grilla pulsir í mannskapinn og er tilvalið fyrir fólk að fá sér útreiðatúr eða koma á öðrum farartækjum og eiga góðan dag saman á þessu fallega svæði félagsins.

Þeim sem ætla að mæta ríðandi er bent á að hittast á við Kjötmjölið um kl 14:00 og þaðan geta þeir sem vilja ríðið í einum hóp upp í Einbúa og síðan bætast þeir sem eru ofar á Reykjaveginum eftir því sem ríðið verður fram hjá bæjunum

Stjórnin

### Hreinsunardagur í Einbúa

Árlegur hreinsunardagur í Einbúa verður haldinn sunnudagskvöldið 13. júní n.k. Ætlun við að hittast klukkan 20:30 og eyða saman tíma í að fegra fallega svæðið okkar. Meðal þess sem stefnt er að gera er að færa nokkur tré, mála kofa og leiktæki(ef veður leyfir) og sláttur á áhorfendapöllum.

Allar hjálpfúsar hendur eru þegar á staðin með þau verkfæri sem það telur að komi að notum s.s. hrífur, skóflur eða annað sem gæti verið nytsamlegt.

Stjórnin

### **Frjálsíþróttæfingar**

Nú fara frjálsíþróttæfingarnar hjá Umf. Baldri í Einbúa að byrja. Æfingarnar verða á þriðjudagskvöldum í allt sumar og mun fyrsta æfingin hefjast 8. júní. Þær verða frá kl 20:30 – 22:00. Rúnar Hjálmars-son mun taka að sér þjálfunina og verða allir krakkarnir saman á æfingum (5 ára og upp úr) en ef mætingin verður góð eins og við ætlum að vona munum við bæta við einum aðstoðarþjálfara.

Það er gaman að fást við skemmtileg verkefni í góðum félags-  
skap á fallegum sumarkvöldum í Einbúa. Ýmis verkefni eru framundan í  
sumar, mót heima og heiman og svo má búast við að starfið verði  
kryddað með fleiri viðburðum.

Íþróttanefnd Umf. Baldurs

### **Fótboltaæfingar**

Í sumar ætlar Ungmennafélagið að halda áfram að vera með fót-  
boltaæfingar líkt og gert var í fyrrasumar. Verða æfingar á fimmtu-  
dagskvöldum klukkan 21:00 í Einbúa. Hvetjum við alla háa sem lága,  
konur sem karla eða bara alla sem langar að hreyfa sig, aðeins að mæta  
og nýta mörkin og svæðið sem við eigum. Fyrsta æfingin verður 10. júní

Íþróttanefnd Umf. Baldurs

### **Tamningar**

Tek að mér hesta í tamningu og þjálfun, er staðsettur í Kolsholti 2 sem er rétt fyrir utan Selfoss. Er menntaður hestafræðingur og leiðbeinandi, diplóma í tamningum og reiðkennari frá Hólaskóla. Allar nánari upplýsingar í síma 6977324 eða á grima87hotmail.com

Helgi Þór Guðjónsson

## **VORTILTEKT Í TIMBURHÓLUM!**

Laugardaginn 5. júní næstkomandi verður tiltektardagur í Timburhólum. Til stendur að hittast kl. 13:00 og hefjast handa við að tína rusl, bera á og planta út, eins verður plöntum úthlutað til þeirra sem vilja.

Dagsverkinu líkur svo með kleinukaffi, djús og spjalli.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórn Skógræktardeildar Samhygðar.

## **Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps**

### **Vorfundur**

Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Félagsheimilinu Þingborg þriðjudagskvöldið 8.júní kl. 20:30. Nýir félagar velkomnir. Kaffikonur: Betzy L-Ármóti, Helga S-Ármóti, Hilda S-Ármóti, Inga Langstöðum, Ingunn Hallanda, Sigríður Hallanda.

Stjórnin.

## **Aðalfundur Hrossaræktardeildar Gaulverjabæjarhrepps**

Boðað er til aðalfundar hjá Hrossaræktardeild

Gaulverjabæjarhrepps föstudaginn 4.júní, kl. 20.30 í Félagslundu.

Stjórnin

## **HSK 100 ára-afmælishátíð á Selfossi 19. júní**

Í tilefni af 100 ára afmæli Héraðssambandsins Skarphéðins heldur sambandið veglega afmælishátíð laugardaginn 19. júní n.k. Hátíðin fer fram á íþróttavallarsvæðinu á Selfossi og verður fjölmargt í boði fyrir alla fjölskylduna.

Fylgist vel með auglýsingum þegar nær dregur.



## **Saga HSK í 100 ár, glæsileg bók kemur út í haust**

Héraðssambandið Skarphéðinn – HSK – var stofnað í Hjálmholti vorið 1910 og innan þess voru þá 19 ungmennafélög með 810 félagsmönnum. Sambandið lét gera veglegan silfurskjöld til verðlauna í glímukeppni og hélt fyrsta héraðsmót sitt í Þjórsártúni 9. júlí 1910. Það festi sig í sessi eftir erfið upphafsár og hefur nú sinnt kraftmiklu æskulýðsstarfi í heila öld. Undir merki HSK hafa þúsundir sunnlenskra ungmennafélaga stundað íþróttir, skógrækt, leiklist, samkomuhald og umhverfisvernd og hvarvetna byggt á ræktun lýðs og lands.

Í þessari bók rekur Jón M. Ívarsson sagnfræðingur 100 ára sögu HSK í máli og myndum. Þarna er sagt frá forystumönnum og starfsfólki sambandsins, íþróttaköppum og afreksfólki. Íþróttanámskeiðum og útihátíðum, landsmótum og landgræðsluferðum, héraðsþingum, héraðsmótum og einstökum íþróttagreinum auk frásagna af óteljandi atburðum stórum og smáum.

Einnig er fjallað um sögu sunnlenskra ungmennafélaga í Árnes- og Rangárvallasýslum og sagt frá viðfangsefnum þeirra. Hvernig þau byggðu félagsheimili og sundlaugar, settu upp leiksýningar og héldu fundi ásamt því að æfa og keppa í íþróttum, halda skemmtanir og ótalmargt fleira. Bókin er prýdd miklum fjölda ljósmynda og margar hafa hvergi birst áður.

Óhætt er að telja HSK með sína fjölbreyttu æskulýðs- og íþróttastarfsemi einn af hornsteinum mannlífs á Suðurlandi. Félög þess eru nú 59 að tölu og félagsmenn um 15 þúsund.

Ákveðið hefur verið að hafa lista í bókinni yfir einstaklinga og fyrirtæki sem kaupa bókina í svokallaðri heiðursáskrift. Verð á bókinni í slíkri forsölu er kr. 8.500 og til að einstaklingar fái nafn sitt í bókina þarf greiðsla að hafa farið fram fyrir 1. ágúst 2010.

Þeir sem hafa áhuga á að kaupa bókina í slíkri heiðursáskrift og styrkja þar með verkefnið eru bednir um að snúa sér til söluaðila í Flóahreppi en þeir eru:

Sigríður Guðjónsdóttir, Þingborg 8  
Fanneý Ólafsdóttir, Hurðarbaki  
Jón M. Ívarsson, Reykjavík

## 17. júní í Félagslund

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps og Umf. Samhygð standa sameiginlega fyrir dagskrá við Félagslund á Þjóðhátíðardaginn 17. júní. Hátíðarhöldin hefjast kl. 12:30 á því að grillaðar verða pylsur í mannskapinn í boði Samhygðar.

Umf. Samhygð stendur að vanda fyrir íþróttamóti fyrir börn 14 ára og yngri, keppt er í langstökki, spretthlaupi og hringhlaupi og fá allir viðurkenningu fyrir þátttöku. Að móti lokni verður farið í ýmsa leiki og sem félögin skipuleggja saman. Boðið verður upp á andlitsmálun og seldar blöðrur. Einnig verður hoppukastali á staðnum.

Kaffisamsæti er síðan í Félagslund að lokinni útidagskrá og er fólk minnt á að taka með sér kökur á kaffiborðið. Vonandi sjá sem flestir sér fært að koma og eiga gleðilegan þjóðhátíðardag í Félagslund.

Félögin

**Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja.**

**Nýsmíði, viðhald, breytingar.**

**Erum með traktors- og beltagröfu.**

**Kríutangi ehf**

**Vorsabæ**

**Stefán Helgason Húsasmíðameistari**

**S:893-4933**

# Flóðgáttin

Flóðgáttinni berst efni frá tveimur sveitungum að þessu sinni. Gísli í Króki kveður um hrossaþurrð á vegunum en Höskuldur á Stóra Ármóti gerir að yrkisefni plægingaradferðir sveitunga sinna.

## Hrossasótt

Útlitið er orðið ljótt,  
enginn fer um veginn.  
Hroðaleg því hrosssótt  
hrjáiir truntugreyin.

Taka hvorki tölt né brokk,  
tár og horinn lekur.  
Knapinn því með sorg og sjökk  
söðul af þeim tekur

Ljót er veröld, leið og tóm  
líkt og hryllingssaga.  
Nú má engan hófahljóm  
heyra langa daga.

Gísli Halldórsson  
í Króki

Umsjónarmaður þakkar fyrir innsendan kveðskap og minnir á að Flóðgáttin er öllum opin fyrir yrkingar sínar á netfangið [stegeir@hotmail.com](mailto:stegeir@hotmail.com) eða með öðrum hætti.

## Af gefnu tilefni!

Þeir plægja bæði beint og á ská,  
Einar í Kotinu og Binni.  
Það verður gaman að þeskja þeim hjá,  
ég efa þeir akurinn finni.

Við morgunmjaltir 27.05.10  
Höskuldur Stóra-Ármóti

## Frá ritstjórn

Pistillinn hefur fallið niður undanfarið en nú þarf að gera úrbætur á því. Fyrst Davíð Ingi tók ekki áskorun Elínar Magnúsdóttir þá ætlum við að stingu upp á því að áskorunin verði send til föðurhúsanna og Baldur á Litla Ármóti skrifi pistil fyrir næstu Áveitu.

Þeir sem enn hafa ekki greitt áskriftargjöldin sem send voru út með síðasta blaði eru beðnir um að gera það sem fyrst ef þeir hyggjast halda áskriftinni.

Ritstjórn

## Dagskrá mánaðarins:

Íþróttæfing í Þjórsárveri	3. júní
Karlabolti	3. júní
Aðalfundur Hrossaræktardeildar Gaulverja	4. júní
Tiltekt í Timburhólum	5. júní
Útreiðatúr Baldurs	6. júní
Leikjanámskeið hefst	7. júní
Vorfundur kvf. Hraungerðishr.	8. júní
Íþróttæfing í Einbúa	8. júní
Vorfundur Kvenfélags Villingah.hr.	9. júní
Íþróttæfing í Þjórsárveri	10. júní
Karlabolti	10. júní
Fótbolti í Einbúa	10. júní
Rúlluplastlosun	11. júní
Hreinsunardagur Baldurs í Einbúa	13. júní
Íþróttæfing í Einbúa	15. júní
1. innanfélagsmót Vöku	16. júní
Þjóðhátíðardagurinn	17. júní
Fótbolti í Einbúa	17. júní
Leikjanámskeiði líkur	18. júní
Kvennahlaup ÍSÍ	19. júní
Afmælishátíð HSK	19. júní
Íþróttæfing í Einbúa	22. júní
Íþróttæfing í Þjórsárveri	24. júní
Karlabolti	24. júní
Fótbolti í Einbúa	24. júní
Íþróttæfing í Einbúa	29. júní



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160